

Hæfileikakeppni Grunnskóla Fjallabyggðar

Hæfileikakeppni Grunnskóla Fjallabyggðar verður haldin í Tjarnarborg á

Ólafsfirði fimmtudaginn 10. febrúar næstkomandi. Þessi keppni hét áður

Söngvakeppni Grunnskóla Ólafsfjarðar en á nú í vetur að vera hæfileikakeppni fyrir allan skólann, þ.e. nemendur í austi og vestri: söngur,

dans, hljóðfæraleikur, að segja/leika brandara, að flytja atriði eða

eitthvað sem viðkomandi er góð/góður í og vill koma á framfæri.

Hverjum

og einum er frjálst að taka þátt, en æfingar eru ekki á vegum kennara

eða á skólatíma, heldur verða foreldrar að aðstoða.

Þátttöku á að tilkynna umsjónarkennara fyrir 28. janúar.

Tónskóli Fjallabyggðar hefur yfirumsjón með keppninni og sér um æfingar viku fyrir

stóru stundina, ef um söngatriði er að ræða, og þá geta nemendur valið

íslensk lög sem finna má nótur/texta af inni á vefnum gitargrip.is.

Hver nemandi má einungis taka þátt í einu atriði. Það má vera eitt og sér eða í hópi með öðrum.



Hæfileikakeppni Grunnskóla Fjallabyggðar verður haldin í Tjarnarborg á Ólafsfirði

fimmtudaginn 10. febrúar næstkomandi.

Mynd: Aðsend.

Texti: Sigurður Ægisson | sae@sae.is